

— Ágrip af brjefi landshöfðingja til prófastsins í Arnessýslu um borgun fyrir út- **179**
tektir á brauðum. — Prófastur hafði spurt, hvort yfirúttektarmönnum á brauðum bæri ^{25. ágúst.}
ferðakostnaður auk 2 kr. dagpeninga. Landshöfðingi svaraði, að með því að 8. grein laga
13. janúar þ. á. (A 3) ákvæðu sömu dagpeninga fyrir alla úttektarmenn, og þá er 2. gr.
laga 17. desbr. 1875 (A 20) hefði ákveðið fyrir þá, er tæku út brauð, og þar að auki
innihjeldi almenna ákvörðun um ferðakostnað virðingarmanna, virtist ekki ástæða til að
neita úttektarmönnum á brauðum fremur en öðrum úttektarmönnum um ferðakostnað,
en að spurningin um það lægi undir fullnaðarúrslit dómstólanna.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðbót við eptirlaun upp- **180**
gjafapresta. — Með þóknanlegu brjefi 8. f. m. hafid þjer, herra landshöfðingi, sent mjer ^{26. ágúst.}
þýðingu af brjefi frá stiptsyfirvöldunum um skiptingu á viðbót þeirri við eptirlaun fá-
tækra presta og prestaekkna samkvæmt 6. gr. laga 27. febr. 1880, sem veitt er með 13.
gr. A, b, 4. fjárlaganna, og hafid þjer jafnframt skotið því til mín, hvort samþykkja
megi skipting þá, er sýnóðus hefir gjört á fjenu, að því leyti, sem þau skipti fara fram
á, að veita þessum uppgjafaprestum styrk, sira Jóni Thórarensen 50 kr., sira Svein-
birni Eyjúlfsyni 100 kr. og sira Árna Bøðvarssyni 90 kr.. enda þótt þessir prestar hafi
fengið lausn frá embætti, eptir að lög 27. febr. 1880 um eptirlaun presta náðu gildi.
Um leið hafid þjer látið í ljósi, að það mundi að líkindum vera vel til fallið, að leita
framvegis í fjárlögnum samþykkis alþingis til þess, að skipta megi fje því, sem veitt er
á þessum lið fjárlaganna, eigi að eins meðal þeirra presta, er lausn höfðu fengið frá em-
bætti, áður en lögin 27. febr. 1880 náðu gildi, heldur og meðal þeirra, er síðar hafa
lausn fengið.

Jeg læt nú eigi hjá líða að tjá yður það þjónustusamlega um þetta efni til þókn-
anlegrar leiðbeiningar, að bæði skortir nú sem stendur heimild til þess, að verja fje því,
er veitt er með 13. gr. A, b, 4. fjárlaganna, á þann hátt, er sýnóðus hefir farið fram á,
með því að styrkur sá til uppgjafapresta, er ráð er fyrir gjört í 6. gr. laga um skipun
prestakalla 27. febr. 1880, er einvörðungu ætlaður þeim prestum, er lausn hafa þegið,
áður en lögin s. d. um eptirlaun presta náðu gildi, enda þykir ráðgjafanum og ísjárvert
að fara því á flot, að fjárveiting þessi verði framvegis svo orðuð í fjárlögnum, að hún
geti einnig náð til presta, er síðar hafa lausn þegið, með því að hinir eldri prestar mundu
þá fara varhluta.

Hins vegar er það nú þegar komið í ljós, að meðal presta þeirra, er lausn hafa
þegið, síðan nefnd eptirlaunalög náðu gildi, eru nokkrir allt eins styrksþurfsandi eins og
hinir eldri prestar, og því hefir ráðgjafinn í huga, að leita sjerstakrar fjárveitingar handa
þeim; mætti þá annaðhvort gjöra það á þann hátt, að beiðast einhverrar áætlaðrar aðal-
upphæðar í þessu skyni, eða þá á þann hátt, og það verður ráðgjafinn að telja betur til
fallið, að styrks sje leitað handa nafngreindum uppgjafaprestum, þeim er mest eru þurf-
andi, með ákveðinni upphæð, handa hverjum um sig. Fyrir því skal skorað á yður, herra
landshöfðingi, að senda hingað tillögur yðar í þessu efni, um leið og þjer sendið adrar
skýrslur, er snerta fjárlagafrumvarpið fyrir 1884 og 1885.

Með því að jeg þar að auki verð að telja það sjálfsagðan hlut, að upphæð þá,
sem nú er áætluð á 13. gr. A, b, 4. fjárlaganna handa uppgjafaprestum, er lausn hafa
þegið, áður enn nefnd eptirlaunalög náðu gildi, megi færa smámsaman niður á fjárlögnum-